

Þakkarbréf frá 10. bekk Flúðaskóla



Nú í byrjun skólaársins fórum við í 10. bekk í námsferð til Danmerkur. Við gerðum og skoðuðum margt skemmtilegt í þessari ferð. Við gistum á hosteli í miðri Kaupmannahöfn sem var þægilegt því margt var svo nálægt m.a. Tívoli þar sem við skemmtum okkur konunglega,

Strikið og Íslandsbryggja þar sem við hoppuðum út í sjóinn. Einnig skoðuðum við söfn, kastala, dómkirkjuna í Hróarskeldu og Nyhavn undir góðri leiðsögn kennara. Við heimsóttum vini okkar í Svíþjóð og fengum að skoða okkur um og versla í Helsingborg. Við kíktum líka á

strönd, Bakken, sædýrasafn og hittum ljón, fíla og fullt af öðrum dýrum í dýragarðinum í Kaupmannahöfn.

Eins og gefur að skilja hefði þessi ferð ekki geta orðið að veruleika nema með ómetanlegum stuðningi frá sveitunum okkar. Þið tókuð einstaklega vel á móti okkur þegar við vorum að safna flöskum og dósam í sjóðinn okkar góða. Það var ómetanlegt að fá allan þennan stuðning og aðstoð frá ykkur. Kærar þakkir fyrir það. Eins viljum við koma sérstöku þakklæti á framfæri til hans Helga sem flutti allt fyrir okkur niður á Selfoss og eins til Hrunamannahrepps sem útvegaði okkur aðstöðu til að telja og geyma flöskurnar. Auðvitað má ekki gleyma að þakka foreldrum okkar sem keyrðu okkur um allar trissur með kerrur í eftirdragi. Enn og aftur takk, takk, þið eruð frábær.

Kærar kveðjur
10. bekkur Flúðaskóla.



Viðbragðsáætlun Almannavarna -samfélagsleg áföll-

Skýrslan fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp var gefin út á síðasta ári.

Hún er fánleg á skrifstofu sveitarfélagsins og má hana einnig finna á www.skeidgnup.is

Starfsmann vantar í mötuneyti Flúðaskóla

Um er að ræða 50% starfshlutfall frá 1. janúar 2020.

Laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og Bárunnar.

Upplýsingar veita
Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri í síma 4806612,
johannalilja@fludaskoli.is og
Steinunn Margrét Larsen aðstoðarskólastjóri í síma 4806611,
maggalarsen@fludaskoli.is

Tökum að okkur alla
almenna smíðavinnu



SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisu Sími: 894-4142

FJARSKIPTAFÉLAG SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS

lj@skeidgnup.is
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

HUNDAFANGARI RAGNAR SIGURJÓNSSON



859-9559



Nóvember

Skil á efni 31. október

Desember

Skil á efni 5. desember

Skilafrestur í næsta blað er:
fimmtudaginn 31. okt.
Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is



HEILSUGÆSLUSTÖÐIN LAUGARÁSI

432-2770

Opið virka daga kl. 8-16

Símatímar lækna kl. 9-10 & 13-14

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9

í síma 432-2020.

Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi. Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700

Skóla- og velferðarþjónusta

Árnesþings.

Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður ragnheidur@arnesthing.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í 112

NESLAUG

Sími: 486-6117



Vetraropnun sept-maí

Miðvikudaga: 17-22
Laugardaga: 13-18
Sunnudaga: 13-18*

*í september og maí



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Vetraropnun sept-maí

Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 17-22

Umsjónarmaður: Eypör Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com

Fjölþætt heilsuefling - Leið að farsælum efri árum

Miðvikudaginn 30. október kl. 17:00 verður Janus Guðlaugsson, doktor í íþrótt- og heilsufræðum, með fyrirlestur í félagsheimilinu á Flúðum um heilsueflingu eldri borgara.

Janus hefur lokið meistara- og doktorsnámi á sviði heilsueflingar eldri aldurshópa og eins verið með tveggja ára heilsueflingarverkefni fyrir eldri aldurshópa í Reykjanesbæ og Hafnarfirði. Verkefnið er einnig að fara af stað í Vestmanneyjum.

Þó að fyrirlesturinn fjalli um eldri borgara þá á hann við mun stærri markhóp þar sem vöðvarýnun getur byrjað um og eftir fertugt. Ef lítil regluleg hreyfing er iðkuð fram til sjötugs þá geta sumir hafa misst tæplega 50% af sínum vöðvamassa. Nægur vöðvastyrkur er ekki aðeins mikilvægur til geta framkvæmt dagleg störf, heldur líka fyrir almenn lífsgæði.

Verið velkomin!

Qigong lífsorkan og gleði í Félagsheimilinu Árnesi laugardaginn 2. nóv. Heilsuefling fyrir konur og karla á öllum aldri

Qi (Chi) er hrein tær orka í allri náttúrunni – frumaflíð - lífsorkan. Qigong æfingar og hugleiðsla hafa góð áhrif á líkama og sál. Þær byggja upp jákvætt hugarfar og styrk til að standa óhrædd með okkur í dagsins önn. Ástundun Qigong hefur góð áhrif á samskipti, eykur hugarró og einbeitingu.



Þorvaldur Ingi Jónsson sér um kynningu og leiðir okkur í léttum Qigong æfingum sem allir geta gert. Hann hefur undanfarin ár stundað og leitt Qigong lífsorkuæfingar, sótt námskeið hjá mörgum Qigong meisturum.

Umsögn frú Vigdísar Finnbogadóttur fv. forseta sem hefur stundað Qigong frá árinu 1994: Þorvaldur Ingi Jónsson býr yfir einstakri hæfni til að stjórna Qigong æfingum af kunnáttu, festu og þeirri persónulegu útgeislun sem þær krefjast. Mér er af eigin reynslu ljúft að mæla með Þorvaldi Inga sem frábærum leiðbeinanda fyrir þá sem hafa huga á að kynna sér Qigong til að viðhalda góðri lífsorku og efla jákvæða lífsafstöðu.

Qigong lífsorku-æfingarnar hafa verið stundaðar í Kína í yfir 5000 ár. Æfingarnar byggja á djúpri öndun, hugleiðslu og hreyfingu. Þær opna á orkubrautir og losa um andlega og líkamlega spennu. Æfingarnar og hugleiðslan eru ein besta leiðin til að viðhalda heilsu og lífsgleði.

Viðburður verður frá kl. 13:00 til 15:00 – 500 kr. greitt á staðnum og kaffi fylgir. Frekari upplýsingar veitir Rosemarie Brynhildur í síma 861 7013.

Ekki hika við að mæta og njóta – hjartanlega velkomin/n.



**Getraunanúmer
Ungmennafélags Skeiðamanna**
Við styðjum UMF Skeið með þátttöku okkar!

799



**Getraunanúmer
Ungmennafélags Gnúpverja**
Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!

802



Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður:
Kristófer A. Tómasson

Umsjón og umbrot:

RS-útgáfan/Stefán Þorleifsson
Heimasíða: www.skeidgnup.is
Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Bláinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Upplag: 360 eintök.

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12

Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitarstjóri:

Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Viðtalstími miðvikudaga kl 13-16

Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir

486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari & vefumsjón:

Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús/Þjónustustöð

Ari Einarsson
893-4426 ari@skeidgnup.is
Bjarni Jónsson
892-1250 bjarni@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt

486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórarskóli

Sími 486-6000
Skólalastjóri: Bolette Høeg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is



Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017

Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736



Fréttir frá Þjórsárskóla



Hjóladaður - Miðvikudaginn 11. september var hinn árlegi hjóladaður í Þjórsárskóla. Nemendur komu með hjólin sín í skólann og farið var í hjólaferðir mislangar eftir aldri og getu nemenda. Þeir yngstu voru í kringum skólann og þeir elstu hjóluðu tæpa 12 km. Nemendur hjóluðu í endurskinsvestum og létu haustrínginguna ekki trufla sig.

Réttarvikan - Unnin voru verkefni í öllum bekkjum sem tengjast réttum. Áhersla var á orðaforða og hefðir í kringum réttirnar. Að auki fræddi Árdís nemendur á hverjum morgni um ferðir fjallmanna, hvar þeir höfðu verið að smala þann daginn og hvar þeir hefðu gengið til náða.

Uppskera - 7. bekkur tók upp kartöflur í síðustu viku sem þau settu sjálf niður í vor. Kartöflurnar eru ræktaðar úr moltu sem unnin er úr lífrænum úrgangi úr skólanum. Nemendur nota hluta af uppskerunni í heimilisfræði en meirihlutinn fer í mötuneyti skólans og er borðaður í hádeginu.

Sumarlestur - Í sumar var sjöunda árið í röð sem verkefnið „Sumarlestur“ var í gangi í Þjórsárskóla en þetta árið tóku 40 af 47 nemendum þátt, sem er frábært. Markmiðið með verkefninu er að auka lestraráhuga, hvetja nemendur til þess að vera dugleg að lesa á sumrin og þar með viðhalda þeim framförum sem þau hafa náð yfir veturinn. Að hausti er veitt viðurkenning fyrir þátttöku í verkefninu og þetta árið fengu börnin stuttermaboli merkta skólanum, verðlaunapening og Andrésblað.



Leikskólinn Leikholti

Haustið líður og október byrjaður, í Leikholti eru börnin orðin 31 talsins. Við höfum notið veðurblíðunnar á þessum haustmánuðum og verið mikið úti og kannað umhverfið í göngutúrum.



Umhverfismennt er alltaf ofarlega í Grænfána huga okkar í Leikholti. Helga Guðlaugs gaf leikskólanum 13 plöntur sem höfðu sáð sér víðsvegar í garðinum hennar. Vörðufellsbörn gróðursettu þessar plöntur í skógarreitnum okkar á stóra leikvelli. Þetta voru 12 Reyniplöntur og 1 óþekkt planta, það verður spennandi að sjá hvort hún verði lifandi næsta vor og þá getum við vonandi fundið út hvað hún heitir. Fyrir hádegi sama dag fóru Vörðufellsbörn í göngutúr út í móa í leit að hestaskít sem notaður var sem áburður fyrir nýju plönturnar.



Umhverfisnefnd er starfandi í leikskólanum sem fundar reglulega og hér eru punktar frá síðustu fundi nefndarinnar: Mættir voru tveir elstu árgangarnir (2014 og 2015) ásamt verkefnastjóra (Sirrý) og deildarstjóra (Haukur):

• Nýtt þema: Neysla og úrgangur

o Mættum setja upp skiptimarkað fyrir notuð föt

o Mættum passa að henda ekki of miklum mat í hádeginu, setja minna á diskinn í einu

o Mættum búa til sokkabréður úr götöttum sokkum sem ekki er hægt að laga

o Passa að henda ekki glerkrukkum



o Nota þær fyrir pennastativ eða kertastjaka t.d.

o Hugmynd að leikskólinn gæti verið plastlaus

o Hugmynd um að rannsaka frekar hvað gert er við endurvinnsluslið þegar ruslabílarnir eru búinir að taka það

o Kenna yngri börnunum að flokka ruslið rétt



• Árlegu þemun voru einnig rædd „Áttahagar og lífbreytileiki“ en þar geta verið breytileg verkefni milli ára.

Það verður spennandi að sjá hvað umhverfisnefndin nær að gera af listanum sínum um Neyslu og úrgang en þau hafa góðar og áhugaverðar hugmyndir.

Þann 25. september var haldinn öðruvísi dagur og þá kusu börnin að hafa röndóttan dag og mættu mörg börn og starfsmenn í röndóttum fötum.

Föstudaginn 11. október munu þau svo halda upp bleikan dag í tilefni af bleikum október.

Myndir eru frá gróðursetningu, leik í haustlaufum og hópastarfi.

Hafið það gott, bestu kveðjur frá öllum í Leikholti.

Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn

Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skafttholti alla daga (Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt en innra byrðið fer í almennt sorp.

Ekki er tekið við þessari vöru óflokkaðri.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar. Raftæki.

Umsjónarmaður: Bjarni Jónsson GSM: 892-1250
Netfang: bjarni@skeidgnup.is

Molar úr fundargerðum 28 (18. september), 29 (24. september)

Fundargerð 28

Mætt til fundar:

Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson, Kristófer A. Tómasson, Matthías Bjarnason

Auk þess sat Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri fundinn og ritaði hann fundargerð.

Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, Anna Sigríður gerði athugasemd við að hluti fundargagna hefði borist of seint.

Oddviti óskaði eftir að tveimur málum yrði bætt við. Harmoinu orgel og þjónustusamningur við Loftmyndir ehf auk þess óskaði Anna Sigríður eftir að bætt yrði máli á dag-skrá. Var það samþykkt.

Gatnagerðargjöld

Sveitarstjóri lagði fram gögn varðandi álagningu gatnagerðargjalda í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins. Fyrir liggur álit frá Lögmonnum Suðurlandi þess efnis að handhöfum lóðarleigusamninga sem gerðir voru fyrir gildistöku gjaldskrár gatnagerðargjalda í sveitarfélaginu beri ekki lagaleg skylda til að greiða gatnagerðargjöld verði þau lögð á. Hins vegar beri handhöfum lóðarleigusamninga sem gerðir voru eftir gildistöku gjaldskrárinnar að greiða þau gatnagerðargjöld sem lögð verða á í samræmi við skilmála tilheyrandi lóðarleigusamninga. Sveitarstjóri lagði fram drög að bréfum til hlutaðeigandi aðila. Um er að ræða tvær útgáfur. Önnur snýr að þeim sem eru handhafar lóðarleigusamninga fyrir umrædda gildistöku og hins vegar til þeirra sem eru handhafar samninga eftir gildistöku. Sveitarstjóri samþykkir að leggja gatnagerðargjöld á handhafa lóðarleigusamninga sem gerðir voru fyrir gildistöku og mælast til þess að aðrir greiði sem nemur 50% af þeim gjöldum sem gjaldagrunnur gerir ráð fyrir. Sveitarstjóra falið að útfæra áður nefnd bréf endanlega og leggja þau fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

Fjárhagsmál: Viðauki við fjárhagsáætlun 18. Sept 19

Sveitarstjóri lagði fram viðauka við fjárhagsáætlun. Þar er gert ráð fyrir 7.5 mkr hækkun á útgjöldum til málaflokks 08. Hreinlætismál, sörpþjónustu og 30 mkr hækkun á fjárfestingu vegna viðbótar gatnagerðar í

Brautarholts- og Árneshverfis.

Í viðauka var einnig gert ráð fyrir hækkun á útgjöldum félagsþjónustu um 12 mkr. vegna endurbóta á húsnæði fyrir fatlaðan einstakling. Ákvörðun um þann lið frestað þar til ákvörðun liggur fyrir um hvort farið verður í verkefnið.

Útgjaldaaukningu mætt með lækkun á handbæru fé og lántöku að hluta. Viðauki samþykktur samhljóða með ofangreindri breytingu.

Sveitarstjóri laðgi fram ósk um framlengingu á yfirdrætti á ráðstöfunar-reikningi sveitarfélagsins 25 mkr til 31.12.2019.

Samþykkt samhljóða.

Þjórarsstofa Samningur

Lagt fram bréf frá Landsvirkjun. Undirritað af Herði Arnarsyni forstjóra. Þar sem fram kemur að samningi milli Landsvirkjunar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um rekstur Þjórarsstofu ljúki um næstu áramót. Tilkynnt er jafnframt að ekki verði um framlengingu samnings að ræða. Lagt fram og kynnt.

Samningur um fornleifaskráningu

Lögð fram drög að samningi frá Fornleifastofnun um fornleifskráningu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Samningurinn fjallar um áframhald vinnu við skráningu fornminja í sveitarfélaginu. Samningur samþykktur samhljóða. Kostnaður við verkefnið rúmast innan fjárhagsáætlunar.

183. fundur skipulagsnefndar 11.09.2019

Mál 11.

Rauðukambar Þjórsárdal; Rannsóknarholur og kaldavatns-holur; Framkvæmdaleyfi - 1908075

Magnús Orri Schram f.h. Rauðukamba ehf, leggur fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna rannsóknarborhola við Rauðukamba í Þjórsárdal. Áætlað er að bora 2-3 rannsóknarholur allt að 150m djúpar til að styðja við vinnsluborholu í von um að ná 30-40l/s af um 80 gráðu heitu vatni. Borholurnar verða boraðar í nálægð við Reykholtslaug/Rauðukambalaug. Einnig er ætlunin að kanna með tveimur grunnum rannsóknarholum (50-70m, á melunum vestan við Fos-sá að fá kalt neysluvatn fyrir svæðið. Tilgangur borana er að fá nægilegt vatn til að þjónusta fyrirhugaða gisti

og ferðamannastarfssemi. Ræktunar-samband Flóa og Skeiða mun sjá um framkvæmdina.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki að skipulagsfulltrúi gefi út framkvæmdaleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 772/2012, um framkvæmdaleyfi.

Sveitarstjórn samþykkir að skipulagsfulltrúi gefi út framkvæmdaleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 772/2012 með fyrirvara um að samningar við Rauðukamba náist. Anna Sigríður Valdimarsdóttir sat hjá.

Kvörtun vegna ágangs sauðfjár Hekluskógar

Lagt fram erindi frá Þorvaldi Erni Árnasyni, formanni Sjálfboðaliðasamtaka um náttúruvernd. Þar er fjallað um ágang sauðfjár á trjágróður í Þjórsárdal.

Sveitarstjóra og oddvita falið að afla betri upplýsingar um hvað sendandi erindisins á við með innihaldi þess og óska eftir fundi ef þurfa þykir.

Skipun í Atvinnumála- og samgöngunefnd

Samþykkt samhljóða að skipa Karen Kristjönu Ernsts dóttur í Atvinnumála- og samgöngunefnd í stað Önnu Kristjönu Ásmundsdóttur sem óskaði eftir lausn frá setu í nefndinni.

Önnur mál

Anna Sigríður Valdimarsdóttir lagði fram svohljóðandi:

Fyrirspurn til umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fulltrúi Gróskulistans í umhverfisnefnd benti á að bókað hefði verið í fundargerð um að gera athugasemd við mörk friðlands í friðlýsingaferli um Þjórsárdal. Mig langar að spyrja fyrir um til umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps af hverju ákveðið var að senda ekki umsögn sem var tilbúin og byggði á téðri bókun, sem og á hvaða grundvelli og við hvaða aðstæður sú ákvörðun var tekin.

Máli vísað til umhverfisnefndar

Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu: Sveitarstjórn samþykkir að færa Harmonium orgel sem staðsett er í leikskólanum Vilmundi Jónssyni Skeiðháholi að gjöf. Samþykkt samhljóða.



Fundargerð 29

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

Samningur við Rauðukamba ehf um Landsvæði við Reykholt í Þjórsárdal.

Lögð voru fram drög að samningi milli Sveitarfélagsins, Rauðukamba ehf og forsætisráðuneytis um landspildu í Þjórsárdal. Ásamt lóðablöðum af umræddum landspildum. Oddviti lagði fram svohljóðandi bókun: Fyrirliggjandi drög að samkomulagi við Rauðakamb ehf samþykkt með fyrirvara um samþykki forsætisráðuneytis. Oddvita falið að ljúka yfirferð fylgiskjala í samráði við lögmann sveitarfélagsins og undirrita fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt með fjórum atkvæðum. Anna Sigríður Valdimarsdóttir sat hjá.

Svæðisskipulag Suðurhálendis.

Lagt fram minnisblað frá vinnufundi um svæðisskipulag fyrir Suðurhálendið sem haldinn var 9. september sl að frumkvæði SASS. Undirritað af verkefnisstjórn verkefnisins. Ásamt minnisblaði frá 14. ágúst sl. ásamt vinnugögnum sérfræðinga um verkefnið. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps styður samhljóða áframhaldandi framgang verkefnisins.

Mörk Þéttbýlis í Brautarholti.

Lögð fram gögn er sýna útlínur lands sem afmarkar þéttbýli í Brautarholti. Ásamt undirritaðri yfirlýsingu hlutaðeigandi landeigenda. Sveitarstjórn samþykkir afmörkun og útlínur ofangreinds lands ásamt tilheyrandi skjölum.

Önnur mál.

Fyrir sveitarstjórnarfund þennan bauð forsvaramaður Gunnbjarnar ehf sveitarstjórn til kynningar – og fræðslufundar. Tilgangur fundarins var að kynna hugmyndir um vindmyllugar í landi Skáldabúða.